

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2020

2023/EES/52/15

frá 25. september 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1782 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi vishönnun ytri aflgjafa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/1782 fellir úr gildi, frá 1. apríl 2020, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781):

„6t. **32019 R 1782**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1782 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi vishönnun ytri aflgjafa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2009 (Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 95).“

2. Texti 12. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009) fellur brott.

2. gr.

Viðauka IV. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 26t (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781):

„26u. **32019 R 1782**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1782 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi vishönnun ytri aflgjafa samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2009 (Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 95).“

2. Texti 35. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009) fellur brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1782, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 95.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 3.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.